

FRÉTTIR

Umboð til viðræðna um vinstri samfylkingu samþykkt á landsfundi Kvennalistans



GUÐNÝ Guðbjörnsdóttir var sú eina af pingkonus Kvennalistans sem greiddi atkvæði með samfylkingarviðræðum. Hólmlfríður Garðarsdóttir, sem er til hægri á myndinni, er einnig fylgjandi þeim.

LANDSFUNDUR Kvennalistans samþykkti um helgina með 36 atkvæðum gegn 18 að samtökum skyldu taki þátt í viðræðum félagshyggjuflokkanum um sameiginlegan málfehnagrundvöll fyrir alþingiskosningar 1999. Hópur kvenna flugar úrsögn úr samtökunum í kjólfar samþykktarinnar.

Flestar fyrverandi og númeraldir alþingiskonur Kvennalistans og stórhliut þeirra kvenna sem starfað hafa lengst með samtökum lístu andstöðu sinni við samfylkinguna. Yngri kynslóð kvenna á fundinum var hins vegar öll fylgjandi henni. Í þeim hópi var reyndar töluverð af konum sem nýgengnar voru í Kvennalistans.

Andstæðingar samfylkingarviðræðna sögðu að með þeim væri verið að hverfa aftur til flokkakerfisins sem Kvennalistinn átti að vera andsvar við. Hann hefði verið stofnadr sem þróði viddin í stjórnsmálunum en nú væri verið að skilgreina hann sem vinstri félagshyggjuflokk.

Engin önnur lausn í augusýn

Bæði andstæðingar og stuðningsmenn samfylkingarviðræðna virtust vera sammála um að litl von væri í sérframboi kvennalistakvenna, og enginn augljós valkostur væri í augusýn, annar en samfylking. „Ég viðurkenni að ég sé enga lausn en ég er tilbúin að búa þangað til tíminn gengur til líðs við okkur.“ sagði Pórhildur Þorleifsdóttir, fyrverandi þingkona Kvennalistans, sem var mjög andsnúin samfylkingarviðræðum.

Í ávarpi til kvennalistakvenna sem dreift var í byrjun fundar, og sem fjórtán konur stóðu á bak við, komu þó fram ó mótaðar hugmyndir um einhvers konar „kvænanet“ sem myndi safna saman konum viðs vegar að úr þjóðfélaginu.

Pórhildur og fleiri andstæðingar samfylkingar sögðu að seo gæti farið að þær yrðu að segja skilið við samtökum ef samfylkingarleiðir yrði farin. Engin sagði sig þó ór þeim á fundinum og samkvæmt upplýsingum frá Áslaugu Thorlacius, framkvæmdastjóra Kvennalistans, hafði aðeins ein kona yfirgefíð samtökum í gær, en ýmsar væru að hugleika að ganga í þau í kjólfar samþykktu landsfundarins.

Tækifærarstefna og nánast síðlaust

Kristín Ástgeirs dóttir alþingiskona var einna harðordust af andstæðingum samfylkingarviðræðna. Hún sagði að fyrir þeim sem ynnu að samstarfi éda samruna vekti fyrst og fremst að komast til valda. Hún minnti að að fyrir fáeinum árum hefði hún ásamt fleirum mælt fyrir vantrausti á ríkisstjórn. Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk. „Það var eftir að kratarnir höfðu raðað sín fólk í jötunn og ráðist gegn velferðarkerfinu og Lánsjóði íslenskra námsmanna. Hvernig getur Kvennalistinn stillt sér upp við hliðina á þessum flokki? Mér finnst petta vera tækifærarstefna og nánast síðlaust.“

Horflö aftur til flokkakerfisins

Kristín sagði að þótt eflaust mætti ná ymsu fram í samstarfi við A-flokkana, mætti segja það sama um samstarf við Frámsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk. Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalistans, hafði fyrir landsfundinn ekki skýrt opinberlega frá afstöðum sinni til samfylkingarviðræðna. Hún sagði á fundinum að hún hefði aldrei skynjad sig jafn einmana og munadórlausa á þólitiskum vettvangi. „Ég er ekki búin að finna sannleikann í þessu máli. Ég sá aldrei fyrir mér að þessi staði kæmi upp, heldur hétta alltaf að í fyllingu tímane kæmi upp stjórnsmálafl sem byggðist á hugsjónum og vinnubrögðum Kvennalistans en höfðaði lika til karla. Það er ekki í augusýn.“



KRISTÍN Halldórsdóttir alþingiskona sat hjá við atkvæðagreidsluna um samfylkingarviðræður, en sagði að með þeim væri ekki verið að fara réttu leið.

Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Hópur kvenna íhugar úrsögn

YNGRI KYNSLÓÐIN á landsfundi Kvennalistans var öll fylgjandi viðræðum við félagshyggjuflokkana um sameiginlegan málfehnagrundvöll. Flestar fyrverandi og númeraldir þingkonur samtakanna lýstu sig andvigar samfylkingu og hópur kvenna íhugar að segja sig úr Kvennalistnum vegna niðurstöðu fundarins.



STEINUNN V. ÓSKARSDÓTTIR borgarfulltrúi er ein af þeim yngri konum innan Kvennalistans sem harðast styðja samfylkingarstefnuna enda hefur hún starfað með örðum vinstrumönnum í Röskvu í Hásþólanum, Grósku og R-listanum í Reykjavík.

Kristín sat hjá við atkvæðagreidslu um samfylkingarviðræður.

Stuðningsmenn samfylkingarviðræðna bente á það að fundinum að ekki væri neitt ákvæði um framhaldsþó að farið væri í viðræður.

„Ég er alls ekkert sannserf um að samstarfsgundvöllur verði viðunandi milli flokkanna, en ef við stöndum heilar og óskiptar að viðræðunum er staðan sterkari og þá lendum við jafnframt saman ef viðræðurnar ganga ekki upp,“ sagði Guðný Guðbjörnsdóttir alþingiskona.

Hún sagðist trúa því að einlægur vilji væri innan A-flokkanna til að taka til höndum í jafnréttismálum. Margir andstæðingar samfylkingarviðræðnanna lýstu hins vegar

miklum efasendum um þann vilja.

Jóna Valgerður benti á að formaður Alþýðubandalagsins væri kona og á framboðslistum þess væri tiltölvulegt gott kynvægi kynjanna. Alþýðuflokkurinn væri að visu skemmmra á veg kominn en steftndi í rétt átt.

Jóna Valgerður Kristjánssdóttir sagði litlarklikur til þess að konur myndu þjóða fram við í alþingiskosningunum. Ef farið yrði í sérframboi kvenna yrði það aðeins mögulegt í Reykjavík og á Reykjanesi og afráksturinn yrði að 1-2 konur kærmost á þing. „Við verðum að vinna með örðum til að ná til okkar unga fólkini sem allið er upp í jafnréttishugun. Það mun ekki gerast Kvennalistans.“

Jóna sagði að sérstaða kvenna myndi ekki glatata þótt farið yrði í sameiginlegt frambo.

Meðal helstu andstæðinga samfylkingarstefnunnar á fundinum má nefna Kristinu Ástgeirs dóttir alþingiskona og fyrverandi alþingiskonurnar Guðrún Agnarsdóttir, Pórhildi Þorleifsdóttir, Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Kristinu Einarsdóttur. Úr eldri kjarna kvennalistakvenna voru þær Guðrún Ógmundsdóttir borgarfulltrúi og Guðný Guðbjörnsdóttir alþingiskona fylgjandi samfylkingarviðræðum en af þeim sem skemur hafa verið í samtökunum má nefna Steinunni V. Óskarsdóttur borgarfulltrúi og Jónu Valgerði Kristjánssdóttur, fyrverandi alþingiskona.

Kvennalistinn styrkir samfylkingarviðræðurnar

Í samtali við Morgunblaðið í gær sagði Steinunn að fullt og óskorað umboð Kvennalistans myndi styrkja mjög stöðu þeirra kvennalistakvenna sem stóðu í samfylkingarviðræðunum en jafnframt styrkja viðræðurnar í heldi.

„Hingað til hefur umræðan um samfylkingu nokkuð einskordast við A-flokkana. Þegar Kvennalistinn baðist í hóppin fá viðræðurnar viðari skrifskotun og breytu um ásýnd.“

Steinunn segist ekki telja að margar konur muni segja sig úr samtökunum vegna niðurstöðu landsfundarins, enda hafi ekki verið teknir ákvörðun um annan en viðræður. „Það er líklega að það verði á næsta landsfundi ef niðurstöðuna verður sú að Kvennalistinn ætli í samfylkingu.“

Kristín Ástgeirs dóttir sagðist að spurd tekið ákvörðun um úrsögn. „Það er samt mikill léttir að niðurstöða skal vera komin í málið. Ég mun taka mér góðan tíma til að hugsa stöðuna. Iraun eru fórir kostir. I fyrsta lagi væri hægt að sætta sig við vilja meirihlutans og vinna með honum. Í öðru lagi að fáta niðurstöðuna framhjá sér fara og starta áfram eins og ekkert hefði í skorist. I þróða lagi gæti ekki gengið úr flokknum og í fördra lagi væri hægt að ná einhvers konar samkomulagi við meirihlutann, til dæmis um það að þingflokkur Kvennalistans starfi áfram sem sliðkjur út kjörtímabilin.“